



## Seyrustjórn

3. fundur seyrustjórnar var haldinn í Ráðhúsinu á Flúðum, þriðjudaginn 14.júní 2022 kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Hannibal Kjartansson, veitustjóri Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

### 1. Kosning formanna og ritara.

*Ása Valdís Árnadóttir var kosinn formaður*

*Haraldur Þór Jónsson var kosinn ritari*

### 2. Starfshlutfall þjónustufullrúa.

*Rætt um að færa Halldóru Hjörleifsdóttur úr 50% hlutfalli í 100% hlutfall frá og með 15.júní. Reynslan hefur sýnt það að 50% starfshlutfall er ekki nægilega mikið. Það sem ekki liggur fyrir hvenær Áslaug Alda kemur úr fæðingarorlofi sem tekur við eftir veikindaleyfi, þá er samþykkt að ráða Halldóru í 100% starfshlutfall til 31.12.2022. Framhaldið verði ákveðið í haust. Starfsstöð þjónustufullrúa verði á Borg.*

*Halldóra Hjörleifsdóttir vék af fundi við meðferð og afgreiðslu málsins.*

### 3. Vígsla seyrustaða.

*Stefnum að því að halda vígsluna 25.ágúst. Ása Valdís sér um að hafa samband við Guðlaug Þór ráðherra til að fá staðfest hvort hann geti mætt þennan dag. Í framhaldi af því verði endanleg vígsludagsetning staðfest.*

### 4. Staða verkefnisins í sumar

*Búið að tæma 424 rotþrær þann 14.júní á þessu ári og eru því u.þ.b. 3.000 eftir. Ekki náðist að klára allar tæmingar síðasta haust og er búið að vera að tæma þær í vor. Skoða þarf að skerpa á reglum varðandi hvernig aðbúnaður þarf að vera í rotþró til þess að hægt sé að tæma þær, t.d. vegalengd rotþró frá veg eða þvermál stúta í rotþrær.*



HRUNAMANNAREPPUR



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR



SKEIÐA- OG  
GNÚPVÖRÐAREPPUR



FLÓAREPPUR



BLÁSKÓGABYGGÐ



ÁSAREPPUR

## Seyrustjórn

### 5. Önnur mál.

*Ný stjórn vill þakka Jón G. Valgeirssyni sérstaklega fyrir að byggja upp og stýra seyruverkefninu frá upphafi.*

*Engin önnur mál tekin fyrir.*

*Næsti fundur ákveðinn 16. Ágúst kl. 15:00.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:25.